

Byggingarverkfræðideild VFÍ

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur 2009-09

Fundarstaður: VFÍ, Engjateigi 9	Fundur nr. : 2009-09
Fundarritun: HB	
Fundarmenn:	Dags.: 26.11.2009
Nafn	Sími GSM Netfang
Skúli Þórðarson (SP)	562-0600 846-7253 skuli@vegsyn.is
Pétur Bjarnason (PB)	422-3083 897-2669 pb@mannvit.is
Hörður Bjarnason (HB)	422-3011 698-9461 hb@mannvit.is
	Frá kl. : 12:00
	Til kl. : 13:00
Dreifing: Fundarmenn, Böðvar Tómasson (BT)	Næsti fundur: 7. janúar 2010

Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:	Ábyrgur / Aths.:
1. Setning fundar	
2. Fundargerð síðasta fundar Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar. Mun fundargerðin verða send til stjórnammanna á pdf formi fyrir næsta fund.	HB
3. Styrktarsjóður framhaldsnemenda SP tjáði fundarmönnum að hann hefði sent Árna Birni Björnssyni, framkvæmdarstjóra VFÍ, tölvupóst þann 25. nóvember og spurt hvort hann hafi borið erindið varðandi sjóðinn undir stjórn VFÍ. Fengust þau viðbrögð að formlegt svar til BVFÍ mun vera í bígerð. Ákveðið var að biða eftir svarinu og bera þá málið undir félagsmenn að nýju. Málið er þar af leiðandi enn í pattstöðu en verður kannað nánar seinna.	
4. Íðorðasafn 2007, kynningarmál PB hefur rætt við Sigrúnu S. Hafstein, sviðssjóra útgáfu- og markaðsmála hjá VFÍ, og mun auglýsing að öllum líkindum vera sett inn í desember útgáfu Verktækni. Rætt var um útlit og texta auglýsingarinnar og ákveðið að leita til Sigrúnar varðandi lokaútlit. Þá mun BVFÍ fljótlega á nýju ári (2010) hafa samband við rétta aðila varðandi auglýsingu í stúdentablöðunum sem koma út í vor. Líklega er um að ræða tvö blöð. Þá var rætt um fleiri hvort hægt væri að auglýsa Íðorðasafnið á fleiri vettvöngum, m.a. í Árbók VFÍ og TFÍ. Mun það mál vera kannað. Einnig tjáði SP fundarmönnum að ekki væru tæknileg vandamál við að setja safnið á netið skv. Íslenskri málstöð og að BVFÍ væri með útgáfuréttinn. Ekki væri þó rétt að ganga í málið að sinni þar sem Íðorðasafnið væri tillögulega nýlega gefið út og væri enn í sölu á pappírformi.	PB
5. Íðorðahópur BVFÍ SP tjáði fundarmönnum að líklega myndi Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri Íslenskrar málstöðvar, leiðbeina BVFÍ við ferlið um stofnun rafræns hóps eða tengslanets. Mun það vera í höndum nýrra stjórnar BVFÍ að hópurinn sé til með réttum aðilum og réttum netföngum og mun Íslensk málstöð ýta á eftir þessu máli. SP hefur þegar sent Ágústu hjá Íslenskri málstöð, Sigurði M. Garðarsyni hjá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ, Jóni Sigurjónssyni hjá Byggingardeild NMÍ og Hafsteini Pálssyni hjá Umhverfisráðuneyti tölvupóst þar sem hann greinir frá hugmyndum sínum varðandi stofnun tengslanets sem eigi að þjóna sem vettvangur undir tilfallandi íðorðastarf í byggingarverkfræði og skyldum greinum. Bíður SP viðbragða við póstinum og mun greina stjórn BVFÍ frá þeim þegar þau liggja fyrir.	SP

SP mun áfram sjá um þessu mál og reyna að tengja saman nýja rafræna vettvanginn við þann gamla.	
<p>6. Gagnavistun</p> <p>HB hefur haft samband við Sigrúnu S. Hafstein, sviðsstjóra útgáfu- og markaðsmála hjá VFÍ, um möguleika þess að vista gögn á vefnum og hugsanlega á heimasíðu BVFÍ. Sagði Sigrún að í skjalavistun VFÍ væru til möppur fyrir BVFÍ eftir árum þar sem aðallega væru vistaðar auglýsingar sem hafa verið sendar út og svo fundargerðir frá aðalfundum fyrri ára. Því væri lítið mál fyrir hana að halda utan um aðrar fundargerðir og jafnframt setja þær nýjustu á vefinn.</p> <p>Mun HB halda þessu starfi áfram og vera í sambandi við formann og ritara fyrri sjónar til að kanna þeirra hug í þessu máli.</p>	HB
<p>7. Endurskoðun laga deildarinnar</p> <p>Endurskoðun er í vinnslu. Uppfæra þarf lög deildarinnar í samræmi við lög VFÍ og aðrar undirdeildir. BT nálgast VFÍ með þessu markmiði.</p>	BT
<p>8. Vettvangsferðir og fræðslufundir</p> <p>PB ætlar að kanna með heimsókn í TR og/eða HR í desember eða byrjun næsta árs.</p> <p>SP hefur þegar rætt við Jón Sigurjónsson á Byggingardeild NMÍ varðandi þáttöku í fræðslufundi á vegum BVFÍ en þeir eru mjög vel inni í hringiðunni um þróun í byggingarmálum, m.a. hvað varðar galla, efnisnotkun, fráganga o.fl. Eru þeir tilbúnir að taka þátt í slíkum fundi. Var ákveðið að taka upp þráðinn aftur strax í janúar á næsta ári.</p> <p>Munu SP og BT skoða málið varðandi nánari útfærslu á fræðslufundunum.</p> <p>Þá er enn eftir að athuga hvort grundvöllur er fyrir heilsdagsferð í vor líkt og í fyrra.</p>	PB SP, BT
<p>9. Önnur mál</p> <p>Ekki voru önnur mál rædd formlega.</p>	